

Samningur

milli

Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS)

og

Samtaka atvinnulífsins (SA)

annars vegar

og

hins vegar

Sjómannasambands Íslands (SSÍ)

fyrir hönd,

Sjómannafélags Hafnarfjarðar, Verkalýðsfélags Akraness, Verkalýðsfélags Snæfellinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, Stéttarfélagsins Samstöðu, Öldunnar - stéttarfélags, Sauðárkróki, Sjómannafélags Ólafsfjarðar, Sjómannafélags Eyjafjarðar, Framsýnar, stéttarfélags, Verkalýðsfélags Þórshafnar, ASA vegna AFL-starfsgreinafélags, Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum, Verkalýðsfélagsins Bárunnar, Eflingu stéttarfélagi, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis,

um framlengingu á kjarasamningum aðila með eftirfarandi breytingum:

1. Hækkun kaupliða


Grein 1.03 í kjarasamningi SFS og SSÍ og sambærileg grein í samningi ASA orðist þannig vegna breytinga á kauptryggingu og annarra kaupliða:

„Þann 1. febrúar 2017 verður kauptrygging háseta kr. 288.168, kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra og vélavarðar, bátsmanns og netamanns kr. 360.210 og yfirvélstjóra kr. 432.252. Aðrir launaliðir en starfsaldurálag og tímakaup hækka um 9,6%. Mánaðarlaun aðstoðarmanns í eldhúsi á frystitogurum verða kr. 328.334.

Þann 1. maí 2017 verður kauptrygging háseta kr. 301.136, kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra og vélavarðar, bátsmanns og netamanns kr. 376.420 og yfirvélstjóra kr. 451.704. Aðrir launaliðir en starfsaldurálag og tímakaup hækka um 4,5%. Mánaðarlaun aðstoðarmanns í eldhúsi á frystitogurum verða kr. 343.109.

Þann 1. maí 2018 verður kauptrygging háseta kr. 310.170, kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra og vélavarðar, bátsmanns og netamanns kr. 387.713 og yfirvélstjóra kr. 465.255. Aðrir launaliðir en starfsaldurálag og tímakaup hækka um 3,0%. Mánaðarlaun aðstoðarmanns í eldhúsi á frystitogurum verða kr. 353.402.

Þann 1. maí 2019 verður kauptrygging háseta kr. 326.780, kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra og vélavarðar, bátsmanna og netamanns kr. 408.476 og



yfirvélstjóra kr. 490.170. Mánaðarlaun aðstoðarmanns í eldhúsi á frystitogurum verða kr. 371.072.

Tímakaup skal miðast við deilistuðulinn 173,33 í kauptryggingu. (Aðrar deilitölur hjá vélstjórum).

2. Mælingar skipa

Ný málsgrein bætist við gr. 1.32 í kjarasamningi SFS og SSÍ og sambærilega grein í samningi ASA:

„Útgerð skal brúttórúmllestamæla skip sem það er með í rekstri, hafi skipið ekki verið með slíka mælingu fyrir. Mælingin skal skráð í skipaskrá.“

3. Olíuverðsviðmiðun

Grein 1.29.1 í kjarasamningi SFS og SSÍ og sambærileg grein í samningi ASA orðist þannig vegna breytinga á olíuverðsviðmiðun:

„Skiptaverð innanlands og á vinnsluskipum skv. olíuverðsviðmiðun:

Innanlands	Frosinn botnfiskur		Frosin rækja		Heimsmarkaðsver á gasolíu	\$ fob/tonn
	fob	cif	fob	cif		
80%	77,00%	71,50%	74,00%	68,50%	Lægra en	164,00 USD
79%	76,50%	71,00%	73,50%	68,00%	164,00 USD	184,99 USD
78%	76,00%	70,50%	73,00%	67,50%	185,00 USD	205,99 USD
77%	75,50%	70,00%	72,50%	67,00%	206,00 USD	226,99 USD
76%	75,00%	69,50%	72,00%	66,50%	227,00 USD	247,99 USD
75%	74,50%	69,00%	71,50%	66,00%	248,00 USD	268,99 USD
74%	74,00%	68,50%	71,00%	65,50%	269,00 USD	289,99 USD
73%	73,50%	68,00%	70,50%	65,00%	290,00 USD	310,99 USD
72%	73,00%	67,50%	70,00%	64,50%	311,00 USD	331,99 USD
71%	72,50%	67,00%	69,50%	64,00%	332,00 USD	352,99 USD
70%	72,00%	66,50%	69,00%	63,50%	353,00 USD	og hærra

Á meðan unnið er að bókun um heildarendurskoðun kjarasamnings á gildistíma þessa samnings, skal útgerð sem selur afla til eigin vinnslu innanlands, þ.e.a.s. í viðskiptum milli skyldra aðila, skal skiptaverðmætishlutfall vera að lágmarki vera 70,5%. Aðrar tölur fyrir afla til eigin vinnslu innanlands breytast til samræmis við þetta.

4. Frystitogarar

Grein 5.22 í kjarasamningi SFS og SSÍ og sambærileg grein í samningi ASA orðist svo:

"Skiptakjör.

- 30,5% miðað við 20 menn
- 31,0% miðað við 21 mann
- 31,5% miðað við 22 - 24 menn
- 32,0% miðað við 25 menn
- 32,5% miðað við 26 menn
- 33,0% miðað við 27 menn

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "PMP", "H", and "Hd".

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,8 fyrir hvern mann sem á vantar.

Fyrir hvern mann sem er um borð umfram 27, skal skiptaprósentan hækka um 0,1%.

Fyrir frystitogara þar sem fjöldi í áhöfn hefur á tímabilinu 1.4.2000 – 1.4.2001 að jafnaði verið undir 20 verða ný viðmiðunarmörk vegna skiptingar milli áhafnar og útgerðar 18 menn. Skiptaprósentan á þessum skipum skal vera 30,5% miðað við 18-20 menn.“

Við grein 5.24 í kjarasamningi SFS og SSÍ bætist ný málsgrein við sem verður 2. mgr. og orðist svo:

„Á frystitogara með 30 eða fleiri í áhöfn og fleiri en eina flökunarvél skulu umsjónarmenn fiskvinnsluvéla að öllu jöfnu vera 4 og skal hver fyrir sig hafa 1 1/16 hásetahlut fyrir það starf. Sé um það samkomulag milli áhafnar og útgerða er heimilt að umsjónarmenn fiskvinnsluvéla séu tveir og skal þá hvor fyrir sig hafa 1 1/8 hásetahlut.“

Grein 5.31 í kjarasamningi SFS og SSÍ orðist svo:

„Séu 25 menn eða færri í áhöfn skal háseti aðstoða matsvein 2½ klst. á sólarhring eftir óskum matsveins. Sú aðstoð skal fara fram á vinnuvakt hásetans.

Séu 26 menn í áhöfn eða fleiri skal vera aðstoðarmaður matsveins, og telst hann ekki til eiginlegrar skipshafnar við ákvörðun á mannfjölda og skiptaprósentu. Aðstoðarmaðurinn skal hafa föst mánaðarlaun skv. kaupskrá aðila, sem greiðist af útgerð skipsins, óháð hlutaskiptum annarra skipverja. Vinnutími hans skal vera 10 klst. á sólarhring á tímabilinu frá kl. 08:30 til kl. 22:00 eftir nánari ákvörðun matsveinsins. Sé aðstoðarmaður ekki um borð skal matsveinn fá laun aðstoðarmannsins til viðbótar sínum aflahlut. Útgerðarmaður skal hafa samráð við matsveininn, ef gera þarf lagfæringar í eldhúsi vegna fjölgunar í áhöfn skipsins.“

5. Ný skip

Við bætist ný málsgrein í lok gr. 1.39.2 í kjarasamningi SFS og SSÍ:

Að sjö árum liðnum frá undirritun samnings þessa eða frá 1. mars 2024, verður ákvæði þetta tímabundið. Í sjö ár frá 1. mars 2024 skal þeim skipum sem fyrst verða tekin í notkun heimilt að nýta ákvæði þetta, að uppfylltum skilyrðum þess, en þó aldrei lengur en til 1. mars 2031 þegar ákvæðið fellur úr gildi.

6. Öryggis- og hlífðarfatnaður

Grein 1.07 í kjarasamningi SFS og SSÍ orðist svo:

Útgerð skal láta skipverjum í té nauðsynlegan öryggis- og hlífðarfatnað. Hlífðarfatnaður er eign útgerðar, en til afnota fyrir skipverja. Skipverjum ber að fara eftir þeim reglum sem útgerð setur í þessu skyni. Láti skipverji af störfum skal hann skila öllum hlífðarfatnaði til útgerðar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "PAT", "KA", "AL", "G.F.S.", and "H.F.", are visible in the bottom right corner of the page.

Með nauðsynlegum hlífðarfatnaði, er átt við að sá hlífðarfatnaður sem skipverji fær til afnota skal miðast við eftirgreint magn að hámarki á skipaflokk ár hvert:

- Vinnsluskip og ísfisktogarar þegar skipverjar þurfa að skipta um öryggishlífðarfatnað þegar þeir vinna á millidekki. Til viðmiðunar er: jakki 2 stk., buxur 6 stk., vinnuflotgalli (annað hvert ár), stígvél 3 pör, vettlingar 50 pör.
- Önnur skip til viðmiðunar: jakki 1 stk., buxur 2 stk., vinnuflotgalli (annað hvert ár), stígvél 2 pör, vettlingar 20 pör.

Grein þessi tekur gildi 1. maí 2017.

Grein 2.36, 4.14, 5.26, 5.46, 5.56 og 9.22, falla niður.

7. Dagpeningar

Grein 1.09 í kjarasamningi SFS og SSÍ orðist svo:

Útgerð skal láta skipverjum fullt fæði í té endurgjaldslaust.

8. Orlof

Við grein 1.15 bætist við ný málsgrein:

Skipverji sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt hjá sama vinnuveitanda eða á sama skipi öðlast hann að nýju eftir 3 ár hjá nýjum vinnuveitanda, enda hafi rétturinn verið staðreyndur af vinnuveitanda.

9. Helgar- og hafnarfrí

Ný málsgrein í lok gr. 2.13:

Útgerð og áhöfn er heimilt að semja um að frí á föstudaginn langa og páskadag færist með þeim hætti að samfelld frí í tengslum við sjómannadag lengist sem því nemur.

Ný setning bætist við lokamálsgrein gr. 5.05:

Útgerð og áhöfn er heimilt að semja um að frí á föstudaginn langa og páskadag færist með þeim hætti að samfelld frí í tengslum við sjómannadag lengist sem því nemur á togskipum 39 metrum eða styttri.

Ný málsgrein í lok 8.03, humarveiðar:

Heimilt er SFS vegna einstakra útgerða og stéttarfélögum viðkomandi skipverja að semja um að hafnarfrí verði tekin í frítúrum þannig að skipið stoppi ekki umfram þann tíma sem tekur að landa afla og búa skipið undir næstu veiðiferð. Í slíkum samningi skal kveðið á um að tekið verði upp skiptimannakerfi þannig að hver skipverji vinni að jafnaði 22 daga í hverjum mánuði, en eigi frí aðra daga mánaðarins. Komi til þess að ekki fiskist fyrir kauptryggingu innan mánaðar skal greiða hverjum skipverja kauptryggingu miðað við fullan mánuð enda hafi viðveruskylda skipverjans verið 22 dagar í mánuðinum. Heimilt er skipverjum í samráði við útgerð að ákveða jafnaðarlaunakerfi samhliða því að slíkt skiptimannakerfi er tekið upp.

10. Línuuppbót

Ný málsgrein bætist við gr. 2.06:

Skipverji sem er á línubátum með beitningavél á útilegu sem hefur verið 110 til 160 daga á sjó skal fá greidda línuuppbót miðað við fjölda úthaldsdaga á sjó. Hafi skipverji

Handwritten signatures and initials are present at the bottom right of the page, including a large signature that appears to be "PITP" and several other illegible signatures.

verið fleiri en 160 daga á sjó skal hann njóta fullrar línuuppbótar, en annars hlutfallslega þar sem uppbótin lækkar um 2% hvern fækkaðan dag. Óskert línuuppbót skal vera kr. 50.000 og greiðist fyrir 15. janúar ár hvert miðað við úthald síðastliðins almanaksárs. Skipverji sem hefur tekjur yfir kr. 50.000 á hvern úthaldsdag, á ekki rétt á þessari greiðslu. Hætti skipverji störfum hjá útgerð fyrir lok almanaksárs, skal hann fá línuuppbót greidda við lokauppgjör.

11. Breyting á grein 1.43

Breyting á grein 1.43:

Brjóti útgerð gegn samningi þessum skal viðkomandi stéttarfélag senda hlutaðeigandi útgerð skriflega athugasemd, þar sem meintu broti gegn tilgreindu ákvæði kjarasamnings er lýst og afstaða stéttarfélags rökstudd. Skal þá veita útgerð hæfilegan frest til athugasemda. Brot gegn samningi varða sektum, allt að kr. 585.354. Sektarfjárhæð skal renna í félagssjóð viðkomandi stéttarfélags. Sé um verkfallsbrot að ræða getur hlutaðeigandi stéttarfélag sektað útgerð um framangreinda fjárhæð án viðvörunar. Sektarupphæð skal hækka í hlutfalli við kaupgjaldsákvæði samningsins.

12. Kauptrygging, gr. 1.04

Lokamálsgrein gr. 1.04 verður breytt og orðist eftirleidis:

Skipverji skal fá greidda kauptryggingu mánaðarlega að frádregnum fæðiskostnaði að þeim hluta, sem skipverja ber að greiða sjálfur, sbr. samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað. Heimilt er skipverja að semja um annað fyrirkomulag.

13. Sérsamningar

Ný málsgrein bætist við gr. 1.42:

Samningar sem gerðir eru á milli áhafnar og útgerðar gilda jafnt um þá skipverja sem eru við störf þegar samningur er samþykktur og þá sem síðar ráðast til starfa, enda hafi þeim verið kynnt efni þeirra við ráðningu.

14. Sala aflans, gr. 1.28

Grein 1.28 í kjarasamningi SFS og SSÍ orðist svo:

1. Almenn

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1986, sbr. 10. gr. laga nr. 79/1994 um breytingu á lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun með síðari breytingum.

Eftirfarandi ákvæði eiga ekki við í þeim tilvikum, þegar afli er seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmarkaði.

Útgerðarmaður skal hafa samráð við fulltrúa, sem kjörinn er af áhöfn í einfaldri kosningu, um áformaða sölu aflans fyrir a.m.k. mánuð í senn, og gera honum grein fyrir fyrirbyggjandi upplýsingum um sölu og fiskverð. Tilkynna ber útgerð um hver sé kosinn trúnaðarmaður skipverja hverju sinni. Trúnaðarmaður skipverja skal hafa

PIR
1/18
JH 7
G.S.
H.H.
[Signature]

aðgang að samningum, reikningum og öðrum gögnum sem liggja til grundvallar verði einstakra fisktegunda, óski hann sérstaklega eftir því.

Við upphaf vertíðar í loðnu, kolmunna, makríl og síld, skulu fulltrúar útgerða halda fund með fulltrúum sjómanna sem eru í úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna og starfsmönnum Verðlagsstofu skiptaverðs.

Útgerðarmaður og áhöfn skulu gera sín í milli samning um fiskverð, þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu, þ.e.a.s. í viðskiptum milli skyldra aðila. Til að slíkur samningur öðlist gildi, skal hann staðfestur í leynilegri atkvæðagreiðslu áhafnar og að því loknu undirritaður af fulltrúum áhafnar og útgerðar. Samningurinn skal vera í stöðluðu formi, þar sem fram komi m.a. verð einstakra fisktegunda, stærð, gæði, markaðs- og gengisviðmið og áætluð ráðstöfun, gildistími og uppsagnarákvæði o.s.frv.

Telji meirihluti áhafnar að samningur um fiskverð sé í andstöðu við kjarasamning þennan, skal leita úrskurðar úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna. Með skyldum aðilum er átt við að útgerð og vinnsla séu í ráðandi eigu sömu aðila.

2. Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna

Samkvæmt lögum nr. 13/1998 hefur Verðlagsstofa skiptaverðs það hlutverk að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut. Við reglulega upplýsingagjöf til Verðlagsstofu vegna þessa skal styðjast við staðlað form sem úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hefur samþykkt.

Verðlagsstofa skiptaverðs annast rannsókn einstakra mála. Óski Verðlagsstofa skiptaverðs eftir gögnum frá aðilum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 13/1998, munu aðilar leggja sig fram um að veita allar þær upplýsingar sem óskað er eftir, eins fljótt og kostur er.

Úrskurðarnefndin er skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila og oddamanni sem skipaður er af sjávarútvegsráðherra að höfðu samráði við samningsaðila. Nefndin skal láta í té rökstutt álit á því hvort tillaga að fiskverði víki frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun aflans. Skal þá taka tillit til fiskverðs í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum svo og horfa á þróun afurðaverðs og þá m.a. styðjast við tiltækar upplýsingar um fiskverð sem unnar eru fyrir samningsaðila af Verðlagsstofu skiptaverðs. Náist ekki samkomulag milli fulltrúa samtaka sjómanna og útvegsmanna í úrskurðarnefndinni innan 14 daga frá því mál er lagt fyrir hana, skal kveðinn upp úrskurður innan 7 daga og gildir hann þá frá því nefndinni barst málið til úrlausnar. Samkomulag eða úrskurður nefndarinnar skal gilda í allt að 3 mánuði eftir nánari ákvörðun hennar. Samkomulag eða úrskurður nefndarinnar er bindandi fyrir aðila á gildistímanum og skal lúta almennum réttarfarsreglum um samningsbundna gerðardóma, sbr. lög nr. 53/1989.

3. Ráðstöfun afla í skiptum milli óskyldra aðila

Þegar afli er seldur milli óskyldra aðila, skal skipt úr því verði sem fyrir aflann fæst hverju sinni, sbr. 1 mgr. I. kafla. Ef afli er seldur beint milli óskyldra aðila án milligöngu innlendra eða erlendra fiskmarkaða, getur áhöfn krafist samnings um uppgjörsverð fyrir þann afla.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including "PMP" and "Hh".

Kjósi áhöfn að kalla eftir slíkum samningi, skal það gert með minnst fimm sólarhringa fyrirvara og skal samningstími ekki vera lengri en þrír mánuðir. Náist ekki samkomulag um uppgjörsverð milli meirihluta áhafnar og útgerðar, skal vísa málinu til úrskurðar nefndar, skv. II. kafla, og skal þá taka tillit til heildarráðstöfunar aflans. Nefndin skal flýta störfum eins og kostur er og náist ekki samkomulag innan sjö sólarhringa skal kveðinn upp úrskurður innan fjögurra sólarhringa. Fiskverð skv. þessu skal gilda frá því úrskurður fellur, nema samkomulag sé um annað.

4. Markmið um fiskverð í viðskiptum milli skyldra aðila

Miða skal við það markmið að fiskverð miðist að jafnaði við 80% af vegnu meðalverði á grundvelli magns síðastliðinna þriggja mánaða á innlendum fiskmarkaði, að frádrægnum 5% kostnaði (skilaverð markaðar). Við útreikning á skilaverði markaðar skal að hámarki reikna 3% undirmálsþorsk í meðalverð hvers mánaðar. (Hér er átt við slægðan þorsk. Úrskurðarnefnd skal vinna að sambærilegri nálgun fyrir óslægðan þorsk, slægða og óslægða ýsu og karfa).

Verðlagsstofa skiptaverðs skal setja fram lýsingu á sambandi milli þyngdar á fiski og verðs á hvert kíló. Í þessu sambandi skal Verðlagsstofa setja fram lýsingu á a.m.k. slægðum og óslægðum þorski, slægðri og óslægðri ýsu og karfa. Skal þetta samband þyngdar og verðs haft til hliðsjónar til að ná þeim samningsmarkmiðum sem lýst er hér á eftir.

Verð á ufsa skal taka breytingum í samræmi við breytingar á afurðaverði samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands

Verðlagsstofa skiptaverðs annast alla nánari útreikninga og framsetningu og sker úr hugsanlegum ágreiningi sem upp kann að koma um túlkun á efnisatriðum.

Úrskurðarnefnd sjómanna og útgerðarmanna skal taka ákvarðanir byggðar á nýrri aðferð frá og með 1. maí 2017 vegna slægðs þorsks og síðan óslægðan þorsk, slægða og óslægða ýsu og karfa fyrir 1. júlí 2017 eða fyrr.

9. Tímabundin breyting skiptaprósentu

Ný málsgrein gr. 1.46, í kjarasamningi SFS og SSÍ orðist svo:

Samningsaðilar eru sammála um að framkvæma athugun á mönnun og hvíldartíma í íslenska fiskiskipaflotanum. Lögð skal áhersla á að setja athugun á uppsjávarskipum í forgang og kynna samningsaðilum niðurstöðu þeirrar könnunar, enda þótt að athugun standi enn yfir vegna annarra fiskiskipaflokka.

Ákveði útgerð að hafa átta skipverja um borð á uppsjávarskipi í stað níu, þ.e. samkvæmt greinum 6.02, 7.02 og 11.01, þá skal hlutur skipverja af skiptaverðmæti skipsins vera tímabundið 21,35%, að hámarki í 12 mánuði frá undirritun samnings þessa. Að þeim tíma liðnum skal þessi tímabundna breyting falla niður og hlutur skipverja af skiptaverðmæti verður aftur 20,8%.

Þetta frávik er ekki fordæmisgefandi fyrir mönnun eða hvíldartíma um borð á uppsjávarskipum.

PHB
148
HPR
GTS
HR
[Signature]

15. Fjarskipti

Ný málsgrein gr. 1.47, í kjarasamningi SFS og SSÍ orðist svo:

Útgerð skal tryggja að skipverji geti átt fjarskipti utan þjónustusvæða símafyrirtækja á meðan á veiðiferð stendur við fjölskyldu, eins og tækni og aðstæður leyfa. Ávallt skal tryggja að rekstur skips og öryggi þess og áhafnar séu í forgangi þegar fjarskipti eru takmörkuð.

Telji áhöfn eða útgerð ástæðu til að aðgreina fjarskiptakostnað um borð í skipi, þá er þeim heimilt að gera samkomulag þar um. Samkomulagið skal greina hver raunkostnaður skipverja er vegna fjarskipta um borð, en útgerð skal veita sundurliðaðar upplýsingar um heildarfjarskiptakostnað, fjarskiptakostnað skips og fjarskiptakostnað skipverja við samningsgerðina.

16. Sérstök kaupskráruppbót

Útgerð skal greiða skipverja sérstaka kaupskráruppbót, kr. 300.000 með orlofi, miðað við 180 lögskráningardaga eða fleiri árið 2016. Uppbót þessi skal greidd skipverja sem var í starfi hjá útgerð árið 2016 og kemur aftur til starfa hjá útgerð ekki síðar en 30. apríl 2017. Séu lögskráningardagar árið 2016 færri, greiðist fjárhæðin hlutfallslega. Gjaldldagi kaupskráruppbótar skal vera sem hér segir:

- Gjaldldagi hinn 1. apríl 2017 komi skipverji aftur til starfa hjá útgerð frá gildistöku kjarasamnings þessa til 31. mars 2017.
- Gjaldldagi hinn 1. maí 2017 komi skipverji aftur til starfa hjá útgerð frá 1. apríl til 30. apríl 2017.

17. Samningsforsendur

Grein 1.45, í kjarasamningi SFS og SSÍ orðist svo:

Geri nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði breytingar á þeim samningi vegna breyttra samningsforsendna eru samningsaðilar sammála um að gera samsvarandi breytingar á kauptryggingu og launaliðum samningsins. Komist nefndin ekki að samkomulagi skulu aðilar endurskoða launalið samningsins. Komi til launahækkana á almennum vinnumarkaði á árinu 2019, skulu samningsaðilar endurskoða kauptryggingu og kaupliði í samræmi við þær.


18. Gildistími

Með þeim breytingum sem hér eru gerðar framlengist kjarasamningur aðila til 1. desember 2019 og rennur þá úr gildi án uppsagnar.

Reykjavík 18. febrúar 2017

Með fyrirvara um samþykki stjórnar Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og aðildarféлага Sjömannasambands Íslands,

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi
og Samtaka atvinnulífsins



f.h.
Sjömannasambands Íslands



~~Harald Hansen~~

Peter H. P.

Gunnar Ingvaldsen

Harald for Harald

Agne Bille Frithjofsen

~~MD MD~~

hi thy thy P

Fertig Fertig

Agne Olafsen.

Vinjeun Bogen

Holmgren Johnson

Ligardus & Garmore

Grieter Olef

A - Bókun um athugun á mönnun og hvíldartíma um borð í íslenska fiskiskipaflotanum.

Aðilar eru sammála um að framkvæma athugun á mönnun og hvíldartíma um borð í íslenska fiskiskipaflotanum. Grunnur þessarar athugunar byggir gildandi ákvæðum sjómannalaga nr. 35/1985, og reglugerð nr. 975/2004 um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum. Lögð skal áhersla á að setja athugun á uppsjávarskipum og ísfisktogurum í forgang og kynna samningsaðilum niðurstöðu þeirrar könnunar, enda þótt að athugun standi enn yfir vegna annarra fiskiskipaflokka.

Skipa skal starfshóp til að gera þessa könnun, sem skal skipaður fjórum fulltrúum tilnefndum af Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og fjórum fulltrúum tilnefndum sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands, Sjómannafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og VM-Félagi vélstjóra og málmtæknimanna. Aðilar eru sammála um að skipa sameiginlega mann til að sinna verkstjórn þessa verkefnis, en hann skal hafa þekkingu á þessu sviði. Aðilar munu óska sameiginlega eftir aðkomu Samgöngustofu að þessari vinnu.

Starfshópurinn skal hefja störf við undirritun kjarasamnings þessa og miða við að hafa lokið störfum sínum fyrir lok árs 2017.

B- Bókun um skiptimannakerfi

Á síðastliðnum árum hefur aukist verulega að settar hafi verið skiptimannaáhafnir á skip, enda hefur það skapað betra og fjölskylduvænna starfsumhverfi skipverja. Það er því markmið samningsaðila að tryggja réttindaumhverfi skipverja og útgerða í skiptimannakerfum.

Ákvæði sjómannalaga víkja ekki beint að þessu róðralagi og álitamál er um túlkun 36. gr. laganna. Með hliðsjón af dómafordæmum Hæstaréttar Íslands þegar reynt hefur á 36. gr. sjómannalaga, liggur fyrir að ólík skiptimannakerfi leiða til mismunandi réttarverndar skipverja við veikindi eða slys. Mikilvægt er hins vegar að skipverjar njóti sambærilegra réttinda óháð því skiptimannakerfi sem þeir starfa samkvæmt. Í samræmi við markmið sjómannalaga, eru samningsaðilar þannig sammála um að skipverji eigi í öllum tilvikum rétt til þeirra launa, sem hann hefði fengið greidd fyrir að gegna starfi sínu áfram, ef veikindi eða slys hefðu ekki gert hann ófæran til þess.

Unnið skal að því á fyrsta ári kjarasamnings þessa að eyða réttaróvissu um skiptimannakerfi.

C- Bókun um heildarendurskoðun kjarasamnings

Aðilar eru sammála um að á samningstímanum verði kjarasamningar yfirfarnir í heild sinni. Orðalag einstakra greina færð til nútímans, greinar felldar brott ef ástæða er til og greinum bætt inn ef þörf er á til að endurspegla betur þróun og breytt vinnubrögð útgerðar fiskiskipa og starfa fiskimanna.

Skipa skal starfshóp til að vinna að þessu verkefni, en hann skal skipaður fjórum fulltrúum tilnefndum af Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og fjórum fulltrúum tilnefndum sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands, Sjómannafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og VM-Félagi vélstjóra og málmtæknimanna.

Samningsaðilar munu gera ríkissáttasemjara grein fyrir framgangi þessarar bókunar reglulega, þ.e. í september, janúar og maí ár hvert á samningstímanum. Fundir skulu haldnir ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði á skrifstofu ríkissáttasemjara.

Á fyrsta fundi nefndarinnar skulu aðilar koma sér saman um viðræðuáætlun, þar sem hverjum fundi nefndarinnar er ætlað tilgreint úrlausnarefni. Náist ekki sameiginlegur skilningur um tilgreint úrlausnarefni á reglulegum fundi skal fjölga fundum nefndarinnar, þannig að unnt sé að ná sameiginlegum skilningi. Starfshópurinn getur óskað sameiginlega eftir aðkomu sérfræðinga eða annarra aðila sem hafa þekkingu á viðkomandi sviðum.

Starfshópurinn skal miða við að hefja störf innan mánaðar frá því að samningur þessi er samþykktur og miða við að hafa lokið störfum sínum ekki síðar en 1. júlí 2019.

Þau atriði sem skulu koma til umfjöllunar nefndarinnar eru eftirgreind:

- Rekstrargrundvöllur einstakara bátaflokka og framtíðarhorfur
- Skiptaverðmæti
- Stærðarviðmiðanir fiskiskipa
- Skiptaprósenta
- Olíuverðsviðmið
- Gjaldtaka stjórnvalda
- Ráðningarsamningar
- Löggjaldakostnaður slysatrygginga
- Slys- og veikindaréttur í skiptimannakerfum
- Helgar- og hafnarfrí
- Greiðsluhlutfall í lífeyrissjóði
- Fjöldi í áhöfn einstakra bátaflokka m.t.t. öryggis og hvíldartíma
- Önnur atriði sem aðilar eru sammála um að skoða

